# Gleðilegt sumar!



- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

1. tbl. - 2014

- LÖGREGLU -
MAÐURINN
3. tölublað - 29. árgangur 2013 - 78. blað



Ritstjóri og
Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri

Forsíðumynd:
Guðbjartur Freyr Guðbjartsson

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Aðrar myndir:
Júlíus Sigurjónsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

ll@logreglumenn.is
www.logreglumenn.is




# Efnisyfirlit...



Námsferð til Boston 4

Framlenging kjarasamnings 8


32. þing LL 2014 12

Erlendar fréttir 16


Ferð starfsmanna Lögreglunnar í Borgarfirði og Dölum til Kína 20


Ljómyndahornið 25


Íþróttir 26


## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.



# Því er lokið – *í bili...*

**Þá liggur það fyrir að frumvarp til breytinga á lögreglulögum er orðið að lögum og þar með hefst undirbúningur fulls aðskilnaðar sýslumanna og lögreglu um land allt en ráðgert er að hin nýju lögregluembætti taki formlega til starfa í byrjun árs 2015.**



Við samþykkt laganna liggur það fyrir að lögregluembættin verða níu (9) í stað fimmtán (15) áður, þ.e.a.s:

- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
- Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
- Lögreglustjórinn á Vestfjörðum.
- Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra.
- Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.
- Lögreglustjórinn á Austurlandi.
- Lögreglustjórinn á Suðurlandi.
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
- Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum.

Til viðbótar þessum níu embættum eru svo embætti Ríkislögreglustjórans og Lögregluskóli ríkisins – eða hvað?

Það er nefnilega að finna ákvæðna „undantekningu" frá þeirri skipan mála, sem lögfest var með þessum nýju lögum fyrir hin nýju embætti, er varðar skipanir þeirra lögreglumanna er starfa við lögregluskólann. Þessi „undantekning" felur það í sér að í stað þess að skólastjóri lögregluskólans, sem jafnframt og alla tíð frá því að skólinn varð sjálfstæðri stofnun er líka lögreglustjóri, ráði og skipi starfslið sitt þá er skipunarvaldið í höndum Ríkislögreglustjórans! Lögregluskólinn er þannig eina lögreglustjóraembættið á landinu þar sem málum er fyrirkomið með öðrum hætti en fyrir er mælt gagnvart öðrum lögreglustjóraembættum þ.e.a.s. að í stað þess að skólastjóri lögregluskólans og jafnframt lögreglustjóri ráði og skipi sitt starfslið þá er það vald falið forstöðumanni annarrar ríkisstofnunar – Ríkislögreglustjóranum.

Rétt er að taka það fram hér að þetta fyrirkomulag, almennt, er þvert gegn vilja og mótmælum Landssambands lögreglumanna (LL) eins og reyndar má lesa í athugasemdum LL við lagabreytingafrumvarpið (http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=143&dbnr=1021).

Þessi nálgun á ráðningar og skipanir þeirra lögreglumanna er starfa við lögregluskólann vekur augljóslega upp ákveðnar spurningar og kannski þá helsta er snýr að því hvað hér liggi að baki?

Hvers vegna er ráðningum og skipunum við þetta eina embætti lögreglustjóra öðruvísi farið en hjá öllum öðrum lögreglustjórum landsins? Þegar nánar er að gáð og m.a. lesinn yfir rökstuðningur sá sem fylgir breytingatillögum allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, við lagabreytingafrumvarpið, kemur í raun bara ein vísbending fram á sjónarsviðið. Þessa vísbendingu er að finna í tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar (http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir2/tillogur-hagraedingarhops-11-nov.pdf) n.t.t. tillögu nr. 43 á bls. 5 í tillögum hópsins en þar segir:

*„43. Lögregluliðum verði fækkað í átta. Lögreglustjórn verði aðskilin frá sýslumönnum og lögreglan rekin á einum fjárlagalið sem geri betur kleift að aðlaga starfsemi lögreglu að verkefnum hverju sinni. Aðrir þættir löggæslumála verði hluti þessarar endurskipulagningar. Í því felst m.a. að Lögregluskólinn verði sameinaður ríkislögreglustjóra og Neyðarlínan sameinuð Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra."*

LL er ekki kunnugt um að tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar hafi verið samþykktar né að þegar skuli vera hafin vinna við að hrinda þeim í framkvæmd en augljóslega bendir sú breyting, sem 9. gr. hinna nýsamþykktu laga mælir fyrir um að verði á 2. mgr. 37. gr. lögreglulaganna til þess að þegar sé farið að vinna að því að hrinda í framkvæmd a.m.k. einhverjum þeim tillögum sem fram koma í tillögum hagræðingarhópsins.

Það er hinsvegar engin merki að sjá þess að verið sé að sameina Neyðarlínuna Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra en það má þó vel vera að slíkt sé á lokametrunum án þess að LL sé kunnugt um slíkt eða verði nokkurn tíma upplýst um þá vegferð. Sögunnar vegna er kannski líka rétt að benda á að LL var alfarið á móti því á sínum tíma að neyðarsímsvörun yrði færð frá lögreglu með þeim hætti sem gert var þegar unnið var að stofnun Neyðarlínunnar fyrir allmörgum árum.

Vel má einnig vera að önnur stéttarfélög opinberra starfsmanna, sem hagsmuni reka í þágu félagsmanna sinna sem starfa hjá Neyðarlínunni eða öðrum opinberum stofnunum, sem fjallað er um í áðurnefndum hagræðingartillögum fái aldrei nokkurn tíma að vita – fyrr en allt er yfirstaðið – að til standi að sameina þessa starfsemina eða hina og jafnvel segja upp opinberum starfsmönnum í leiðinni. Það væri þá ekki í fyrsta sinn sem aðkoma stéttarfélaga opinberra starfsmanna er vitandi vits afþökkuð þegar starfsmannamál eru annarsvegar! Slík vinnubrögð kunna hinsvegar aldrei góðri lukku að stýra og eru mun frekar fallin til þess að skapa vandamál en leysa þau! Þessi vinnubrögð eru hinsvegar í fullu samræmi við það sem fram kemur í könnunum er varða traust almennings til stofnana hins opinbera og að hluta til endurspeglast einnig í hinum árlegu könnunum um „Stofnun ársins".

Það er vonandi hinsvegar, með tilkomu þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi ráðninga, setninga og skipana lögreglumanna, sem embættismanna í þjónustu hins opinbera, að framkvæmdin batni með þessu nýja fyrirkomulagi og Umboðsmaður Alþingis neyðist ekki til þess að setja ofan í við hin nýju embætti líkt og mýmörg dæmi sanna hingað til bæði innan og utan lögreglu. Það er vonandi að með þessum breytingum verði nú loksins farið að þeim lögum er gilda um starfsmannamál hins opinbera, sem sett voru af hinu sama Alþingi og samþykkti þessar breytingar og nú verði loksins farið í hvívetna að ákvæðum t.d. 23. og 24. gr. starfsmannalaganna. Það hefur nefnilega, í gegnum tíðina, verið ansi mikill misbrestur á því að það hafi verið gert eins og ótal álit og bréf Umboðsmanns Alþingis, bæði til einstakra stofnana og forstöðumanna, sem og já beint til Alþingis, bera ótvíræð merki um.

*Snorri Magnússon*
*formaður LL*

UNDER ARMOUR.
VÍNBÚÐIN
Bakarameistarinn
Brasserie ASKUR SINCE 1966 SUÐURLANDSBRAUT 4



# Námsferð *til Boston*



***Stefán Örn Guðjónsson lögreglufulltrúi hjá Embætti Sérstaks Saksóknara.***

**Þann 10 – 13 febrúar s.l. fór höfundur þessarar greinar til Boston í Bandaríkjunum og sótti þar námskeið í viðtals- og yfirheyrslufræðum hjá John E Reid & Associates. Inc., en eins og mörgum lesendum blaðsins er kunnugt um hefur greinarhöfundur í gegnum tíðina sótt námskeið til Bandaríkjanna og víðar og þá jafnframt gert þeim skil með umfjöllun í Lögreglumanninum og greinargerðum um námsefnið.**

John E Reid & Associates sem er með heimastöðvar í Chicago í Bandaríkjunum er stofnun, sem allt frá árinu 1947 hefur sérhæft sig m.a. í viðtals/viðtalstækni og yfirheyrslufræðum fyrir einstaklinga úr viðskiptalífi, lögreglu/öryggisþjónustu og ríkisstarfsmenn.

Á fjölbreyttri heimasíðu (http://www.reid.com) stofnunarinnar kemur m.a. fram að meira en 500 þúsund fagmenn í lögreglu og öryggisgeiranum hafi sótt ákveðin námskeið í viðtölum og yfirheyrslum sem fyrst var boðið upp á árið 1974. Þátttakendur komi bæði frá einkageiranum (fjármála, heilsu, verslun og framleiðslu) og opinbera geiranum þar á meðal öllum þrepum lögreglunnar, öryggisgeiranum og stjórnsýslu, frá öllum ríkjum Bandaríkjanna og Kanada. Jafnframt löndum í Evrópu, Asíu og Mið Austurlöndum.

John E Reid (16. ágúst 1910 – 11. janúar 1982) frumkvöðull stofnunarinnar, lauk námi í lögfræði frá De Pauls háskólanum í Chicago og gekk eftir það í lögregluna í borginni árið 1936. Árið 1940 tók hann við starfi í vísindadeild / rannsóknarstofu tæknideildar Chicago lögreglunnar, þar sem hann lagði stund á rafeindafræðilegar rannsóknir með lygamæli í sambandi við glæparannsóknir. Árið 1947 hætti hann störfum þar en stofnaði þess í stað sitt eigið fyrirtæki, John E Reid & Associates.

Samstarfsmaður John E Reid og vinur Fred E. Inbau (27. mars 1909 – 25. maí 1998) var lögfræðingur, sækjandi í sakamálum og síðast lagaprófessor við Northwestern University í Chicago uns hann lét af störfum sökum aldurs árið 1977. Á árunum 1933 – 1938 starfaði hann í vísindalegu afbrotadeild háskólans en eftir að sú deild var færð til Chicago lögreglunnar varð hann yfirmaður hennar á árunum 1938 – 1941. Þeir Reid og Inbau gáfu út fjölda fræðigreina og bóka um yfirheyrslur og glæparannsóknir á ferlinum.

Námskeiðið var í fjóra daga eins og komið hefur fram en var tvískipt, annarsvegar í þrjá daga og hinsvegar í einn dag. Hér verður stuttlega gert grein fyrir umfjöllunarefninu og lauslega þýtt úr námsskránni þar sem segir um fyrri hlutann:

### *Yfirheyrslur / herbergisaðstæður o.fl.*

- Undirbúningur fyrir viðtal og yfirheyrslu.
- Munur á milli viðtals og yfirheyrslu.
- Viðeigandi herbergisaðstæður.
- Hlutir sem hafa áhrif á viðmót sakbornings.

### *Greining á hegðunareinkennum*

- Meta viðhorf / afstöðu.
- Meta hegðun án orða.
- Meta töluð viðbrögð.
- Meta töluð / án orða, framkomu.
- Tálbeitutækni / leggja agn fyrir sakborning.
- Skoða staðreyndir áður en viðtal byrjar
- Spyrja ögrandi spurninga.

### *Hin 9 þrep yfirheyrslutækni Reid*

- Bein ásökun – standa andspænis sakborningi á jákvæðan hátt.
- Þróun umræðu – umræðuefnis.
- Að bregðast við neitun.
- Ráða við mótstöðu, mæta mótstöðu.
- Nálgast og halda athygli sakbornings.
- Hvernig á að bregðast við óvirkni sakbornings – skeytingarleysi.
- Koma með aðrar spurningar – öðruvísi spurningar.
- Nákvæmari greining á sakarefni.
- Undirstöðuatriði munnlegrar og ritaðrar yfirlýsingar.

Á síðari hluta námskeiðsins var sérstök áhersla lögð á hvernig eigi að fá upplýsingar frá sakborningi á viðtalsstiginu sem muni svo þjóna sem grundvöllur til þess að þróa eða fara í yfirheyrslu sem byggist á sérkennum eða persónuleika sakborningsins. Lauslega þýtt úr námsskránni, segir um seinni hlutann:

### *Innihald námskeiðs*

- Hin ýmsu þrep yfirheyrslunnar.
- Mótþróa stigið.
- Hlutlausa stigið.
- Samþykktar stigið.
- Greina sakborninga.
- Greina ástæður.
- Glæpir vegna raunverulegra þarfa.
- Óhugsaðir glæpir, löngun / þörf.
- Lífstíls glæpir.
- Auka virðingu vegna glæpsins – fá aukna virðingu.
- Yfirheyrslur ungmenna.
- Yfirheyrslur vegna margra glæpa – raðglæpa.
- Maður á mann tækni við yfirheyrslur.
- Yfirheyrslur vegna vitneskju um sekt / saknæma vitneskju.





Námskeiðið var í formi fyrirlestra og námsefnið það yfirgripsmikið að því verður ekki gert nánara skil í þessari blaðagrein. Stuðst var við og sýndar raunverulegar upptökur af einstaklingum sem grunaðir voru eða bjuggu yfir upplýsingum um ýmis brot. Þar fylgdist maður með sérfræðingum stofnunarinnar yfirheyra fólk og beita þeirri tækni sem John E Reid stofnunin leggur fram til að greina hinn seka úr hópnum.

Louis C. Senese, fyrirlesarinn á námskeiðinu kom námsefninu vel til skila og á jákvæðan hátt ef svo má að orði komast. Hann er mjög fróður um námsefnið en athygli nemendanna hélt hann vakandi allan tímann og var duglegur að skeyta inn á milli bröndurum og ýmsum fyndnum sögum úr starfinu, sem hittu alltaf í mark.

Louis sem er yfirmaður og varaforseti stofnunarinnar fékk BSc gráðu í viðskiptafræðum frá Northern Illinois háskólanum en fór því næst í þjálfun og nám hjá John E Red stofnuninni árið 1972. Ári seinna fékk hann réttindi sem löglegur rafeindafræðilegur rannsakandi þ.e. sérfræðingur með lygamælispróf. Tveimur árum síðar hlaut hann svo MSc gráðu frá Reid College. Louis hefur komið að fjölda yfirheyrslna í sakamálum, stjórnað hundruðum námskeiða víða um heim og ritað bók um fræðin.

### Borgin

Boston er höfuðborg og stærsta borg Massachusettsfylkis í Bandaríkjunum. Borgin tilheyrir hinu svokallaða New England svæði sem samanstendur af ríkjunum á norðausturhorni Bandaríkjanna sem afmarkast af Atlantshafi, Kanada og New York fylki. Fylki Nýja Englands eru sex talsins; Maine, New Hampshire, Vermont, Massachusetts, Rhode Island


VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG
Skútuvogur 8 • 104 Reykjavík • Sími 567 6700 • www.vakahf.is
Dekkjasala og þjónusta
Bifreiðaverkstæði
Varahlutir
Bifreiðaflutningar
Endurvinnsla bifreiða

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

***Reykjavík***

A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
A. Wendel ehf, Tangarhöfða 1
Advania höfuðstöðvar, Sætúni 10
Aðalvík ehf, Ármúla 15
Aktis lögmannsstofa slf, Ármúla 17
Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1
Arctic Trucks Ísland ehf, Kletthálsi 3
Arev verðbréfafyrirtæki hf, Bankastræti 5
Arinbúðin, Skipholti 23
Arkís arkitektar ehf, Katrínartúni 2
Atorka ehf verktakar og vélaleiga, Vættaborgum 117
Auglýsingastofan ENNEMM, Brautarholti 10
Austur-Indíafélagið ehf, Hverfisgötu 56
ÁH lögmenn slf, Vættaborgum 144
Álafoss, verslun, Laugavegi 8
Áman ehf, Háteigsvegi 1
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
Ásbyrgi, fasteignasala, Suðurlandsbraut 54
B.B.bílaréttingar ehf, Viðarhöfða 6
B.B.Þ. Verktakar ehf, Spóahólum 14
Barnaverndarstofa, Borgartúni 21
Betra púst ehf, Skógarhlíð 10
Bezt á lambið - www.bestalambid.is
Bifreiðaverkstæði Svans ehf, Eirhöfði 11
Birtingur ehf, Stigahlíð 51
Bílaborg.is, Smiðshöfða 17
Bílahöllin-Bílaryðvörn hf, Bíldshöfða 5
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar, Hyrjarhöfða 4
Bílasala Guðfinns, Stórhöfða 15
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Bílfang ehf, Malarhöfða 2
Bílrúðan ehf, Grettisgötu 87
Björnsbakarí ehf, Klapparstíg 3 við Skúlagötu
BK fasteignir ehf., Baldursgötu 18
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Bláfugl hf, Lynghálsi 4
Blikksmiðja Austurbæjar ehf, Súðarvogi 9
Blikksmiðurinn hf, Malarhöfða 8
Blómabúðin Hlíðablóm, Háaleitisbraut 68
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf, Klapparstíg 25-27
Borgarbílastöðin ehf, Þórunnartúni 2
Borgarhóll ehf, Suðurási 26
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2a
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf, Hávallagötu 40
Bókhaldsþjónustan Vík, Síðumúla 12
Bólstrun Ásgríms ehf, Bergstaðastræti 2
Brynjólfur Eyvindsson, Kringlunni 7
BSRB, Grettisgötu 89
Búálfurinn, Lóuhólum 2-6
Búseti svf, Síðumúla 10
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31
Danica sjávarafurðir ehf, Suðurgötu 10
Dental stál ehf, Hverfisgötu 105
dk hugbúnaður ehf., www.dk.is, Bæjarhálsi 1, hús Orkuveitunnar
E. Sigurjónsson lögmannsstofa ehf, Suðurlandsbraut 4
Eðalbílar ehf, Fosshálsi 9
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eggert B. Ólafsson, samkeppnisráðgjöf, Háaleitisbraut 68
Endurskoðun og reikningsskil hf, Stangarhyl 5
Esju-Einingar ehf, Esjumel 9
Exitus lögfræðiþjónusta ehf, Hreiðar Eiríksson, Lágmúla 7
Extreme Iceland ehf, Vatnagörðum 12
Eyjólfur Rósmundsson ehf, meindýraeyðing, Jöldugróf 12
Felgur smiðja ehf, Axarhöfða 16
Ferskar kjötvörur hf, Síðumúla 34
Félag skipstjórnarmanna, Grensásvegi 13
Fiska, fiskverslun, Brekkuhúsum 1
Fjallamenn Íslands -Mountaineers of Iceland, Skútuvogi 12e
Fjárhagsþjónustan ehf, Strýtuseli 14
Flutningsþrif Bergþóru ehf, Kristnibraut 47
Fossar,tryggingar og ráðgjöf ehf, Fiskakvísl 14
Frami, félag leigubifreiðastjóra, Fellsmúla 26
FS Flutningar ehf, Giljalandi 9
Gagnaöryggi ehf, Bæjarflöt 4
Gallerí Fold, Rauðarárstíg12-14
Gáski sjúkraþjálfun ehf, Þönglabakka 1 Mjódd
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun, Bíldshöfða 16
Gissur og Pálmi ehf, byggingafélag, Álfabakka 14a
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gluggasmiðjan ehf, Viðarhöfða 3
Grant Thornton endurskoðun ehf, Suðurlandsbraut 20
Grettir Guesthouse ehf, Laugavegi 28a
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn, Skútuvogi 4
Gull- og silfursmiðjan Erna ehf, Skipholti 3
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Gullöldin ehf, Hverafold 5
Gummi Valgeirs ehf, Dalhúsum 61
Gunnar Eggertsson hf, Sundagörðum 6
Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf, Gylfaflöt 3
Gæðabakstur, Lynghálsi 7
Hafgæði sf, Fiskislóð 47
Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgötu 1
Hamborgarabúllan Bíldshöfða 18
Happdrætti Háskóla Íslands, Tjarnargötu 4
Heimilisprýði ehf, Ármúla 5
Hereford Steikhús ehf, Laugavegi 53b
Herrafataverslun Birgis ehf, Fákafeni 11
Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, Laugavegi 59
Hið íslenska bókmenntafélag, Skeifunni 3b
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Hitastýring hf, Ármúla 16
Hjá Dóra ehf, matsala, Þönglabakka 1
Hjá GuðjónÓ ehf, Þverholti 13
Hornið veitingastaður, Hafnarstræti 15
Hókus Pókus ehf, Laugavegi 69
Hótel Frón ehf, Laugavegi 22a
Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
Hreyfimyndasmiðjan ehf, Garðsenda 21
Hreysti ehf, Skeifunni 19
Humarhúsið, Amtmannsstíg 1
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
IcePharma hf, Lynghálsi 13
Init ehf, Grensásvegi 50
Inter ehf, Sóltúni 20
Íbúðagisting.is, Síðumúla 14
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Ísfrost ehf, Funahöfða 7
Íslenska Gámafélagið ehf, Gufunesi
Ísmar ehf, Síðumúla 28
Ísold ehf, Nethyl 3-3a
Ís-spor ehf, Síðumúla 17
Íþróttabandalag Reykjavíkur, Engjavegi 6
James Bönd, Skipholti 9
Joma pípulagnir ehf, Þykkvabæ 14
Jóhannes Long ljósmyndari, 3. hæð Bolholts megin, Laugavegi 178
Jónar Transport hf, Kjalarvogi 7
JP Lögmenn ehf, Katrínartúni 2, Höfðatorgi
K. H. G. Þjónustan ehf, Eirhöfða 14
K. Pétursson ehf, Kristnibraut 29
Kaffi París, Austurstræti 14
Kaffivagninn ehf, Grandagarði 10
Kemis-heildverslun ehf, Breiðhöfða 15
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, Vesturhlíð 8
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
Klettur - sala og þjónusta ehf, Klettagörðum 8-10
Klipphúsið ehf, Bíldshöfða 18
Knattborðsstofan Klöpp ehf, Faxafeni 12
Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal
Kortaþjónustan hf, Skipholti 50b
Kr. St. lögmannsstofa ehf, Tryggvagötu 11
Kvikk Þjónustan ehf, Vagnhöfða 5
Lagastoð lögfræðiþjónusta ehf, Lágmúla 7
Landslagsarkitekt Mogensen ehf, Víðihlíð 45
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landssamtök lífeyrissjóða, Sætúni 1
Lausnir lögmannsstofa ehf, Skógarhlíð 12
Láshúsið ehf, Bíldshöfða 16
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar-og rekstrarráðgjöf, Suðurlandsbraut 48
Leiguval ehf, Kleppsmýrarvegi 8
Lifandi vísindi, Klapparstíg 25
Lindin, kristilegt útvarp, Krókhálsi 4
Litamálun ehf, Kirkjustétt 9
Ljósafoss ehf, Ármúla 21
Ljósblik rafverktakar ehf, Fossaleyni 16
Ljósboginn ehf, Bíldshöfða 14
Ljósin í bænum, Trönuhólum 14
Loftstokkahreinsun.is, s: 567 0882, 893 3397, Garðhúsum 6
Logy ehf, Viðarrima 13
Lögfræðiskrifstofa Tryggva Viggóssonar, Tjarnargötu 4
Lögmannsstofa Bjarna Eiríkssonar hdl, Lágmúla 7
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf, Stórhöfða 25
Lögmenn Laugavegi 3 ehf, Laugavegi 3
Lögreglufélag Reykjavíkur, Brautarholti 30
Lögskil ehf, Suðurlandsbraut 48
Lögstofan, Ármúla 21
Marco Polo, Kringlunni 4-12
Matborðið ehf, Bíldshöfða 18
Matthías ehf, Vesturfold 40
Málarameistarar ehf, Logafold 188
Málmtækni hf, Vagnhöfða 29
Motus á Íslandi, Laugavegi 97
MS Armann skipamiðlun ehf, Tryggvagötu 17
Múlaradíó ehf, Fellsmúla 28





og Connecticut. Samkvæmt opinberum tölum frá 2008 er íbúafjöldi í borginni sjálfri yfir 600.000 en á stórborgarsvæðinu eru íbúarnir um 4.5 milljónir.

Borgin hefur borið ýmsar nafngiftir í gegnum tíðina en ein þeirra er „Vagga frelsisins" vegna mikilvægis hennar í frelsisstríði Bandaríkjanna. Þá eru íbúar Boston og nágrennis gjarnan kallaðir „Bostonians" á ensku.

Boston var stofnuð 17. september 1630 af hreintrúuðum landnemum frá Englandi á höfða sem frumbyggjar kölluðu „Shawmut". Mjótt eiði tengdi höfðann við meginlandið sem var umkringdur Massachusettsflóa og mýrlendinu við óseyrar árinnar „Charles". Fyrstu evrópsku landnemar Boston kölluðu svæðið „Trimountaine". Síðar var bærinn nefndur eftir Boston í Lincolnhéraði á Englandi en þaðan höfðu margir mikilsmetnir „pílagríma" – landnemar komið.

Snemma á sjöunda áratug 18. aldar reyndu Bretar að ná stjórn yfir nýlendunum þrettán á austurströnd Norður Ameríku, aðallega með skattlagningu. Þetta varð til þess að íbúar Boston hófu frelsisstríðið.

Bandaríska frelsisstríðið, einnig þekkt sem Bandaríska byltingin var eins og áður segir uppreisn þrettán breskra nýlenda á austurströnd Norður Ameríku gegn breskum yfirráðum, og stóð frá 19. apríl 1775 til 3. september 1783, en þá náðu byltingarsinnar undirtökunum og í framhaldi af því sömdu Bretar frið og skrifuðu undir samning þar sem þeir samþykktu sjálfstæði hinna nýstofnuðu Bandaríkja Norður Ameríku.

Frelsisstríðið varð kveikjan að stofnun fyrsta nútímalýðræðisríkisins Bandaríkja Norður- Ameríku, sem síðar leiddi til frekari byltinga víða um veröld. Eftir byltinguna varð Boston ein ríkasta hafnarborg veraldar og árið 1822 var hún formlega stofnsett með lögum.

Boston er afskaplega skemmtileg borg og vinsæl hjá Íslendingum sem flykkjast þangað í verslunar- og skemmtiferðir. Hún er fyrsti viðkomustaður okkar á leið vestur um haf til Bandaríkjanna, en flug þangað er ekki nema innan við 5 klukkusundir á góðum degi.

Borgin þykir mjög evrópsk í útliti en inn á milli lágu bygginganna standa amerískir skýjakljúfar sem blandast svo ótrúlega vel og allt þetta setur skemmtilega mynd á svæðið.

Boston er væn gönguborg eins og sagt er, en vegalengdir eru ekki mjög miklar og upplagt í góðu veðri að fara um á tveimur jafnfljótum og skoða það sem fyrir augu ber.

Meðal áhugaverðra staða er lystigarður Boston (Boston Common) sem er mjög fallegur og jafnframt elsti almenningsgarður í öllum Bandaríkjunum. Þá má nefna Frelsisstíginn (Freedom Trail) en á þeirri leið má skoða ótrúlega margt það sem varð þess valdandi að landið vann sjálfstæði frá Bretum. Leiðin en einir fjórir kílómetrar að lengd og merkt með rauðri málningu eða múrsteinum í gangstéttinni.

*Frelsisstríðið varð kveikjan að stofnun fyrsta nútímalýðræðisríkisins Bandaríkja Norður- Ameríku, sem síðar leiddi til frekari byltinga víða um veröld. Eftir byltinguna varð Boston ein ríkasta hafnarborg veraldar og árið 1822 var hún formlega stofnsett með lögum.*


Við erum á Facebook
http://www.facebook.com/Augljos

AUGLJÓS
LASER
AUGNAÐGERÐIR

EITT VERÐ



AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík
Sími, 414 7000 • ritari@augljos.is • www.augljos.is



Dr. Med. Jóhannes Kári Kristinsson
Sérfræðingur í hornhimnulækningum og sjónlagslækningum með laser


KJARASAMNINGUR
LANDSSAMBANDS LÖGREGLUMANNA
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

# Framlenging kjarasamnings LL við ríkisvaldið

**Miðvikudaginn 16. apríl s.l. var gengið frá enn einu framlengingarsamkomulagi kjarasamnings Landssambands lögreglumanna (LL) við ríkisvaldið. Er þetta í fimmta sinn sem kjarasamningur LL er framlengdur frá því að hann rann úr gildi í október 2008. Heildstæður kjarasamningur hefur því ekki verið gerður við LL frá því í maí 2005. Sömu sögu er reyndar að segja með kjarasamninga annarra opinberra starfsmanna, sem og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði þó svo að framleningartímabil hinna ýmsu kjarasamninga hafi verið mislöng.**

Í aðdragandi þess framleningarsamkomulags, sem gengið var frá þann 16. apríl s.l. voru unnar tvær viðamiklar skýrslur, af hálfu aðila vinnumarkaðarins. Skýrslum þessum er í raun ætlað það hlutverk, sem merki sjást í samkomulagi fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem er fylgiskjal með framlengingarsamkomulagi LL við ríkisvaldið, þ.e.a.s. að vinna bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfellu og einfalda og samræma kjarasamninga auk þess sem áhersla verði lögð á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi. Sem lið í þessari vinnu kveður viðræðuáætlun sú, sem fylgir áður tilvitnuðu samkomulagi BSRB, á um ákveðnar „vörður“ sem unnið skal að á framlengingartímabilinu sem rennur út í lok apríl 2015.

Skýrslurnar tvær, sem áður er minnst á eru annarsvegar „Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum – skýrsla vinnuhóps aðila vinnumarkaðarins“, sem kom út í maí 2013 og hinsvegar „Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagsumhverfi og launaþróun“, sem kom út í október 2013.

Framleningarsamkomulag LL við ríkisvaldið var samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna LL en niðurstaða hennar lá fyrir þann 2. maí s.l. Heildarsvarhlutfall í atkvæðagreiðslunni var 65,08%. Já sögðu 57,68%. Nei sögðu 39,24%. Auðu skiluðu 3,07%.

***Helstu atriði þessa nýja framleningarsamkomulags LL við ríkisvaldið eru eftirfarandi:***

**Gildistími:** 1. febrúar 2014 – 30. apríl 2015.

**Hækkun launa:** 2,8% frá 1. febrúar 2014, er síðasta framlengingarsamkomulag rann út.

**Eingreiðsla:** Kr. 20.000,- í lok samningstímans fyrir þá sem eru í fullu starfi þann 1. febrúar 2015 og hlutfallslega fyrir þá sem eru í hlutastarfi eða starfa hluta úr mánuði.

**Orlofsuppbót:** Fer úr kr. 28.700,- í kr. 39.500,-.

**Desemberuppbót:** Fer úr kr. 52.100,- í kr. 73.600,-.

**Nýmæli:** Ný 3. mgr. gr. 2.6.2, sem tekur gildi frá og með 11. maí n.k. eða þegar nýtt yfirvinnutímabil hefst í þeim mánuði, sem kveður á um sérstakar greiðslur vegna boðunar í aukavinnu innan 24. klst. Greiðslan nemur 2 klst. í yfirvinnu fyrir 8 klst. vakt og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.
Um er að ræða aukagreiðslur í yfirvinnu vegna tímabilanna frá kl. 24:00 – 08:00 mánudaga til fimmtudaga, 17:00 – 24:00 á föstudögum og 00:00 – 24:00 á laugardögum, sunnudögum og sérstökum frídögum sbr. gr. 2.1.4.2.
Vegna tímabilsins frá 1. febrúar s.l. og þar til þessi nýja 3. mgr. gr. 2.6.2 tekur gildi fá lögreglumenn, sem voru í starfi 1. febrúar s.l. greiddar 7 yfirvinnustundir til að bæta fyrir það tímabil.
Ákvæði gr. 5.4.3 sem kveður á um greiðslu ferðakostnaðar vegna stofnana sem staðsettar eru a.m.k. 5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis fer niður í 1,5 km. og er stofnunum ætlað að semja um greiðslur fyrir starfsmenn sína, sem þetta á við um í stofnanasamningi.

**Framlag í starfsþr.sj.:** Framlag launagreiðanda í fræðslu- og starfsþróunarsjóð verður aukið, frá og með 1. júlí n.k. um 0,10% og verður þar með 0,40% af heildarlaunum lögreglumanna. Jafnframt er að finna í bókun með framlengingarsamkomulaginu yfirlýsingu um endurskoðun reglna sjóðsins sem og starfsmenntunarsjóðs LL (STALL) sem lúta að því að sjóðirnir þjóni betur lögreglumönnum og embættunum vegna starfsmenntunar.
Þá fylgir framlengingarsamkomulaginu, eins og áður segir, sérstakt samkomulag sem BSRB gerði við fjármála- og efnahagsráðherra f.h. aðildarfélaga BSRB um vinnu (ítarlega viðræðuáætlun) á framlengingartímabilinu auk bókana um: vaktavinnunámskeið fyrir þá sem sjá um uppsetningu vaktkerfa; tilhögun vakta og viðbótarframlag í starfsmenntasjóði/starfsþróunarsjóði.



Stefnt er að því að nýr kjarasamningur LL við ríkisvaldið verði tilbúinn og taki þannig við af þessu framleningarsamkomulagi þann 1. maí 2015. Yrði það, þar með, fyrsti heildstæði kjarasamningurinn sem gerður yrði við LL frá því í maí 2005.

Eins og áður segir fylgir ítarleg viðræðuáætlun því framlengingarsamkomulagi sem gengið var frá þann 16. apríl s.l. Helstu atriði þeirrar viðræðuáætlunar eru:

- Í maí 2014, eða eins fljótt og auðið er, skal vera búið að kortleggja samningsniðurstöður á samningssviði aðila og leggja mat á framkvæmd og áhrif samninganna á grundvelli gagna frá Hagstofu Íslands. Þá verður skýrslan „Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagsumhverfi og launaþróun“, frá október 2013, uppfærð fyrir lok september 2014.
- Þau atriði (sameiginlegir kaflar kjarasamninga og e.a. fleira) kjarasamninga sem aðildarfélög BSRB hyggjast fela bandalaginu að fara með við gerð kjarasamninga, skulu liggja fyrir fyrir lok september 2014.


P BÍLASTÆÐASJÓÐUR

SKÓGASAFN
Skógar Museum

Bæjarins beztu pylsur

CARPE DIEM
Coaching & Consulting

CINTAMANI

DEKKVERK
578-7474
www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10 - 19
Lyngás 20, Garðabæ

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17
Nortek ehf, Eirhöfða 13
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
Nýja bílahöllin ehf, Eirhöfða 11
O K varahlutir ehf, Bíldshöfða 14
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir, Vínlandsleið 16
Ólafur Gíslason & Co hf - Eldvarnarmiðstöðin, Sundaborg 7
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
P&S Vatnsvirkjar ehf, Álfheimum 50
Papyrus innrömmun, Brautarholti 16
Pétur Stefánsson ehf, Vatnsstíg 15
Plast - miðar og tæki ehf, Krókhálsi 1
Plúsmarkaðurinn, Hátúni 10b
Poulsen ehf, Skeifunni 2
Pósturinn, Stórhöfða 29
Prentlausnir ehf, Ármúla 15
Prikið ehf, Bankastræti 12
Prinsinn, söluturn, Hraunbæ 121
Proline ehf, Vatnagörðum 14
Prófílm,kvikmyndagerð, Skútuvogi 1g
Prófílstál ehf, Smiðshöfða 15
Rafey ehf, Hamrahlíð 33a
Rafha ehf, Suðurlandsbraut 16
Raflax ehf, Skútuvogi 6
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafsvið sf, Þorláksgeisla 100
Rarik ohf, Bíldshöfða 9
Ráðgjafar ehf, Garðastræti 36
Reykjavík4you ehf, íbúðarhótel, Bergstaðastræti 12
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf, Bíldshöfða 14
Réttur lögmannsstofa, Klapparstíg 25-27
Safalinn ehf, Dugguvogi 3
Samaria ehf, veitingahús, Austurstræti 4
Samsýn ehf, Háaleitisbraut 58-60
Sandra María Steinarsdóttir - Polanska slf, Skriðustekk 1
Satúrnus ehf, Ármúla 18
Securitas hf, Skeifunni 8
Seljakirkja, Hagaseli 40
Sendibílar og hraðþjónusta ehf, Urriðakvísl 3
Sérefni ehf, málningarvöruverslun, Síðumúla 22
Sigmundur Hannesson hrl., Katrínartúni 2 Höfðatorgi
Silfurberg ehf, Suðurgötu 22
Skipaþjónusta Íslands ehf, Grandagarði 18
Skorri ehf, Bíldshöfða 12
Skotfélag Reykjavíkur, Engjavegi 6
Skóarinn í Kringlunni ehf, Kringlunni 4-6
Skólavefurinn.is, Laugavegi 163
Skóverslunin Iljaskinn ehf, Háaleitisbraut 58-60
SM kvótaþing ehf, Skipholti 50d
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Smurstöðin Klöpp ehf, Vegmúla 4
Snaps ehf, Þórsgötu 1
Snorri Sturluson ehf, Snorrabraut 61
Snyrtistofan Gyðjan ehf, Skipholti 50d
Sólon Bistro, Bankastræti 7a
Sónn ehf, Faxafeni 12
Sprettur-þróun og stjórnun ehf, Laugavegi 26
SS bílar ehf, Kletthálsi 2
Staukur ehf-leiktæki og sjálfsalar, Krókhálsi 5
Stál og stansar ehf, Vagnhöfða 7
Stálbyggingar ehf, Hvammsgerði 5
STEF Samband tónskálda og eigenda, Laufásvegi 40
Stjörnuegg hf, Vallá Kjalarnesi
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Suðurgötu
Stólpi ehf-alhliða viðgerðaþjónusta, Klettagörðum 5
Stólpi-gámar ehf, Klettagörðum 5
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Svarta Kaffið kaffihús, Laugavegi 54
Sveinsbakarí, Arnarbakka 4-6
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu, Borgartúni 35
Sægreifinn, Verbúð 8 við Geirsgötu
Sögn ehf, Seljavegi 2
Söluturninn Vikivaki, Laugavegi 5
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tannlæknar Mjódd ehf, Þönglabakka 1
Tannlæknastofa Egils Kolbeinssonar, Grensásvegi 44
Tannlæknastofa Sólveigar Þórarinsdóttur ehf, Hverfisgötu 105
Teiknistofan Arkitektar, Brautarholti 6
Terra Export ehf, Nethyl 2b
Timberland Kringlunni og Timberland Laugavegi
Tollstjóraembættið, Tryggvagötu 19
Tollvarðafélag Íslands, Tryggvagötu 19
Tvítindar ehf, Ármúla 38
Tækni ehf, vélsmiðja, Súðarvogi 9
Tösku- og hanskabúðin ehf, Skólavörðustíg 7
Ull og gjafavörur, verslun, Skólavörðustíg 19
Ullarkistan ehf, Laugavegi 25
Úðafoss sf, efnalaug, Vitastíg 13
Úra- og klukkuverslun Gilberts Ó Guðjónssonar, Laugavegi 62
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Fjarðarási 25
Vagnar og þjónusta ehf, Tunguhálsi 10
Varahlutaverslunin Kistufell ehf, Brautarholti 16
Varma & Vélaverk ehf, Knarrarvogi 4
Veiðiflugur ehf, Langholtsvegi 111
Veiðikortið ehf, Kleifarseli 5
Veiðiþjónustan Strengir, Smárarima 30
Veitingahúsið Caruso, Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Jómfrúin, Lækjargötu 4
Veitingahúsið Perlan ehf, Öskjuhlíð
Velmerkt ehf, Dugguvogi 23
Verðlistinn Laugalæk, Laugarnesvegi 74a
Verkfræðistofan Skipatækni ehf, Lágmúla 5
Verkfræðistofan Víðsjá ehf, Tryggvagötu 11
Verkfærasalan ehf, Síðumúla 11
Verslun Jóns og Óskars Laugavegi, Kringlunni og Smáralind
Verslunin Kvosin, Aðalstræti 6-8
Verslunin Rangá, Skipasundi 56
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna, Laugavegi 178
Vélfang ehf, Gylfaflöt 32
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar sf, Funahöfða 14
Véltækni hf, Stórhöfða 35
Viking Fish ehf, Súðarvogi 7
Vilberg kranaleiga ehf, Fannafold 139
Vinnumálastofnun, Kringlunni 1
Vitabar, veitingahús, Bergþórugötu 21
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar, Bæjarflöt 6
Vottunarstofan Tún ehf, vottun lífrænna afurða, Þarabakka 3
Vörubílastöðin Þróttur hf, Sævarhöfða 12
Wise lausnir ehf, Borgartúni 26
Z - brautir og gluggatjöld ehf, Faxafeni 14
Þingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10
Þín verslun ehf
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús, Baldursgötu 14
Ögurvík hf, Týsgötu 1
Ökumennt ehf, Búagrund 1
Ölstofa Kormáks og Skjaldar ehf, Vegamótastíg 4
Ölver sport og karaoke bar, Álfheimum 74

### Seltjarnarnes

Ljósmyndastofa Erlings, Eiðstorgi 15
Nesskip hf, Austurströnd 1

### Vogar

Loftræstihreinsun ehf, Vogagerði 19
Vélsmiðjan Altak ehf, Jónsvör 5

### Kópavogur

Aalborg Portland Íslandi hf, Bæjarlind 4
AFA JCDecaux Ísland ehf, Vesturvör 30b
Arnardalur sf, Þinghólsbraut 58
Ásborg slf, Smiðjuvegi 11
Átak ehf, bílaleiga, Smiðjuvegi 1
Baader Ísland ehf, Hafnarbraut 25
BB44 Gisting ehf, Borgarholtsbraut 44
Bifreiðastillingin ehf, Smiðjuvegi 40d
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar ehf, Smiðjuvegi 40
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf, Skemmuvegi 46
bilalokkun.is, Skemmuvegi 4
Bílaklæðningar hf, Kársnesbraut 100
Bílalakk ehf, Dalbrekku 26
Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46e
Bílamálunin Varmi ehf, Auðbrekku 14
Bílasprautun og réttingar Hjartar, Smiðjuvegi 56
Bíljöfur ehf, gul gata, Smiðjuvegi 34
Byggðaþjónustan bókhald, Auðbrekku 22
Cafe Catalina, Hamraborg 11
Cargo sendibílaleiga ehf, Skemmuvegi 32, bleik gata
Datek Ísland ehf, Smiðjuvegi 50
Dýrheimar sf heildsala, Ögurhvarfi 8
Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari, Grófarsmára 8
Fagsmíði ehf, Kársnesbraut 98
Fasteignamiðstöðin, Hús og híbýli, Hlíðasmára 17
FOCAL - Hópvinnukerfi ehf, Hlíðasmára 14
Greiðabílar hf, Dalvegi 28
Hafið-fiskverslun ehf, Hlíðasmára 8
Hefilverk ehf, Jörfalind 20
Hegas ehf, Smiðjuvegi 1
Hvellur-G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
JS-hús ehf, Skemmuvegi 34a
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Kjöthúsið ehf, Smiðjuvegi 24d
Körfuberg ehf, Kleifakór 1a
Lakkskemman ehf, Skemmuvegi 30
Línan ehf, Bæjarlind 14-16
Loft og raftæki ehf, Hjallabrekku 1





- Viðræður um sérmál önnur en launaliði kjarasamninga og breytingar á ákvæðum kjarasamninga, þ.m.t. málefni vaktavinnufólks skulu hefjast fyrir lok september 2014.
- Sameiginlega skal meta stöðu kjaraviðræðna og e.a. endurskoða viðræðuáætlun fyrir lok nóvember 2014.
- Viðræður um launalið kjarasamninganna skal hefjast í í lok janúar 2015 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram frá aðildarfélögum BSRB.

Stefnt er að því að vinna við kjarasamningagerðina verði á sömu eða svipuðum nótum og gerist með gerð kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum og þá einnig að nýr kjarasamningur taki við strax við lok þess framlengingarsamkomulags sem samþykkt var í allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna LL þann 2. maí s.l.

### Kjarasamningar – skipulagsbreytingar í lögreglu

Ofan í gerð kjarasamninga við lögreglumenn nú á haustmánuðum er ljóst að umtalsverðar breytingar munu eiga sér stað á umdæmaskipan lögreglunnar í landinu en breytingar á lögreglulögum voru samþykktar frá Alþingi þann 14. maí s.l. Ljóst er að þessar breytingar, sem hafa verið yfirvofandi nú í a.m.k. ein fimm ár, munu hafa umtalsverð áhrif á stjórnunaruppbyggingu lögreglu í landinu og reyndar eins og yfirlýst er í greinargerðum með þeim lagabreytingafrumvörpum sem hingað til hafa verið lögð fram jafnvel hafa það í för með sér að yfirmannastöðum í lögreglu mun á næstu misserum fækka. Hvort þessar breytingar hafi það í för með sér – eins og reyndar heyrst hefur – að unnar verði breytingar á starfsstigareglugerð lögreglunnar er ekki vitað á þessari stundu en hitt er ljóst að hvorutveggja skipulagsbreytingarnar í lögreglu og e.a. breytingar á starfsstigareglugerð (með mögulega tilheyrandi fækkun á stöðum yfirmanna) munu kalla á breytingar á launastrúktúr og launatöflu LL. Það er þó klárt mál, eins og LL hefur margítrekað haldið fram, að skipulagsbreytingar í lögreglu þarf að vinna í nánu samhengi við það sem er að finna í kjara- og stofnanasamningum og sér í lagi við gerð kjarasamninga.

Eitt af þeim atriðum, sem miklum breytingum tók við samþykkt þessara breytinga á lögreglulögunum, varðar ráðningar, setningar og skipanir til starfa í lögreglu. Þær breytingar voru gerðar þvert á yfirlýstan vilja LL. Breytingarnar fela það í sér að lögreglustjórarnir, sem verða níu (9) [í raun tíu með RLS] fara nú alfarið með það vald sem áður var annarsvegar í höndum embættis Ríkislögreglustjórans og hinsvegar Innanríkisráðuneytisins (vegna aðstoðar- og yfirlögregluþjóna). Hvort þetta nýja fyrirkomulag eigi eftir að verða til góðs varðandi ráðningar og skipanir í lögreglu skal ósagt látið en ljóst er að í þessum breytingum fellst ekki einföldun, í það minnsta ekki er kemur að störfum stéttarfélaga.

Það er þó vonandi, með tilkomu þeirra breytinga, sem nú hafa verið gerðar á fyrirkomulagi ráðninga, setninga og skipana lögreglumanna, sem embættismanna í þjónustu hins opinbera, að framkvæmdin batni með þessu nýja fyrirkomulagi og Umboðsmaður Alþingis neyðist ekki til þess að setja ofan í við hin nýju embætti líkt og mýmörg dæmi sanna hingað til bæði innan og utan lögreglu. Það er vonandi að með þessum breytingum verði nú loksins farið að þeim lögum er gilda um starfsmannamál hins opinbera, sem sett voru af hinu sama Alþingi og samþykkti þessar breytingar og nú verði loksins farið í hvívetna að ákvæðum t.d. 23. og 24. gr. starfsmannalaganna. Það hefur nefnilega, í gegnum tíðina, verið ansi mikill misbrestur á því að það hafi verið gert eins og ótal álit og bréf Umboðsmanns Alþingis, bæði til einstakra stofnana og forstöðumanna, sem og já beint til Alþingis, bera ótvíræð merki um.



*Lögreglan kemur víða við í störfum sínum": Geir Jón Þórisson og Vilhjálmur Árnason á Alþingi. Höfundur myndar: Pjetur Sigurðsson.*




## MÁLÞING
### um aðgerðir gegn kynbundnu
## OFBELDI

**Málþing verður haldið á Grand hótel Reykjavík 25. september um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Það er Norræna ráðherranefndin, innanríkis- og velferðarráðuneytið ásamt Jafnréttisstofu sem halda málþingið sem er hluti af formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2014. Málþingsstjóri verður Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.**

Fjallað verður um Istanbulsamning Evrópuráðsins og þær skyldur sem hann leggur þjóðum á herðar í baráttu við ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Kynnt verður ný stór könnun á ofbeldi gegn konum í 28 Evrópulöndum og sagt frá glænýrri og einstakri úttekt Svía á lögum, reglum og aðgerðum sem beitt hefur verið þar í landi í baráttu við ofbeldi. Það er lögreglustjórinn Carin Götblad sem kynnir úttektina sem hún stýrði. Þá verða kynnt verkefni frá hverju Norðurlandanna sem gefist hafa vel. Þar á meðal er áhættumat norsku lögreglunnar SARA sem verið er að innleiða um allan Noreg.

**Málþingið er öllum opið meðan húsrúm leyfir og ókeypis inn. Lögreglan er sérstaklega hvött til að mæta.**



# 32. þing LL 2014

*Á myndinni eru frá vinstri: Hilmar Th. Björgvinsson, Höskuldur B. Erlingsson, Jóakim Júlíusson, Sigursteinn Steinþórsson, Árni Pálsson, Atli Már Sigurðsson, Þorgrímur Óli Sigurðsson, Sigurður V. Benjamínsson, Hrafn Ásgeirsson, Snorri Magnússon, formaður LL, Þórný Þórðardóttir, Magnús Páll Sigurjónsson, Einar Guðberg Jónsson, Frímann Birgir Baldursson, varaformaður LL.*
*Á myndina vantar (komust ekki til afhendingarinnar) Kristján Örn Kristjánsson, Sigurð Guðmund Sverrisson, Sæmund Má Alexandersson og Gunnar S.I. Sigurðsson.*

**Dagana 5. – 7. maí s.l. var 32. þing Landssambands lögreglumanna (LL) haldið að Hótel Geysi í Haukadal. Þingið hófst kl. 10:00 að morgni mánudagsins 5. maí skv. með setningarræðu Snorra Magnússonar, formanns LL. Að lokinni setningarræðu formanns var látinna félaga minnst, forseti, varaforseti og ritarar þingsins kjörnir og Jónasi Magnússyni, kjörnum forseta þingsins falin stjórn þess.**

Þegar var gengið til dagskrár sbr. 14. gr. laga LL og fram fór nafnakall fulltrúa, kosið í nefndir þingsins og að því loknu flutti formaður skýrslu stjórnar, fyrir tímabilið 2012 – 2014 og Frímann B. Baldursson, varaformaður og gjaldkeri LL fór yfir reikninga sama tímabils. Stuttar en afar hnitmiðaðar umræður urðu um hvorutveggja skýrslu stjórnar og reikninga sem í framhaldinu var síðan samþykkt af þingfulltrúum.

Þessar stuttu umræður sem urðu um bæði skýrslu stjórnar og reikninga gerðu það að verkum að mun fyrr en ella var hægt að ganga til eiginlegra verka þingsins þ.e. vinnu í nefndum til mótunar framtíðarstefnu LL fyrir árin 2014 – 2016.

Höfðu eldri og reyndari þingfulltrúar á orði að þeir hefðu sjaldan eða aldrei orðið vitni að jafn stuttum umræðum um þessa tvo liði dagskrár þingsins. Það er hinsvegar staðreynd, eins og fram kemur hér að ofan, að vinna í nefndum hófst fyrr en oft áður, sem aftur má leiða líkum að það hafi leitt til markvissari og jafnvel vandaðri vinnu nefnda. Það er í það minnsta skýrt að vinna starfskjaranefndar 32. þings LL er margfalt betri og vandaðri en mörg eldri dæmi sýna og sanna, og ljóst að nýkjörin stjórn LL, hefur úr mun meira efni að vinna en oft áður er kemur að gerð nýrra kjarasamninga á haustmánuðum 2014.

Fyrir þingið fór, skv. lögum LL fram kjör formanns LL en ljóst var, er framboðsfrestur rann út þann 15. desember 2013 að einungis einn hafði boðið sig fram og var Snorri Magnússon því sjálfkjörinn til ársins 2016. Kjör stjórnarmanna fór fram í samræmi við lög LL og nýja stjórn LL 2014 – 2016 skipa eftirtaldir einstaklingar:

Snorri Magnússon, formaður, utan deildar,
Frímann B. Baldursson, varaformaður
og gjaldkeri, Suðurlandi,
Ragnar Svanur Þórðarson, ritari,
höfuðborgarsvæðinu.

Aðrir stjórnarmenn (í stafrófsröð):
Ásmundur Rúnar Gylfason, höfuðborgarsvæðinu,
Baldur Ólafsson, höfuðborgarsvæðinu,
Bjarney Sólveig Annelsdóttir, Suðurnesjum,
Guðmundur Fylkisson, höfuðborgarsvæðinu,
Gylfi Þór Gíslason, Vestfjörðum,
Hilmar Th. Björgvinsson, Suðurnesjum,
Jóakim Júlíusson, Norðaausturlandi,
Jóhann Birkir Guðmundsson, höfuðborgarsvæðinu,
Jón Arnar Sigurþórsson, Vesturlandi,
Óskar Þór Guðmundsson, Austurlandi,
Pétur Björnsson, Norðvesturlandi,
Ríkharður Örn Steingrímsson, höfuðborgarsvæðinu,
Þorvaldur J. Sigmarsson, höfuðborgarsvæðinu.

Félagsmenn LL, hver á sínu svæði eru sérstaklega hvattir til að setja sig í samband við fulltrúa sinnar deildar í stjórn LL með hver þau málefni sem þeir telja að stjórn LL beri vitneskja um sem og önnur þau atriði er varða málefni lögreglumanna, s.s. túlkun kjarasamninga, aðbúnað, öryggi, hollustuhætti, innra starf LL o.s.frv.

Það bar helst til tíðinda á þingi LL að samþykkt var, skv. tillögu formanns LL, stofnun sérstakrar milliþinga- og laganefndar sem ætlað er það hlutverk að skoða skipulag, uppbyggingu, innra starf LL sem og aðild LL að BSRB, en síðasti liðurinn kom inn á síðari stigum, í störfum nefndarinnar, á þinginu sjálfu.

Var stofnun nefndarinnar m.a. hugsuð til þess að skoða uppbygginguu LL í ljósi yfirvofandi skipulagsbreytinga í lögreglu en eins og ljóst er orðið var frumvarp Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra, um breytingar á lögreglulögum samþykkt frá Alþingi þann 14. maí s.l.

Í milliþinga- og laganefnd LL, sem skila á skýrslu sinni á 33. þingi LL árið 2016 voru kjörin: Jónas Magnússon, fyrrverandi formaður LL, Óskar Bjartmarz, fyrrverandi formaður LL, Gylfi Þór Gíslason, Þórný Þórðardóttir og Jón Arnar Sigurþórsson.

Þá var einnig stofnuð ný nefnd á vegum LL, svokölluð málskostnaðarnefnd, sem ætlað er það hlutverk að fara yfir innsend erindi félagsmanna vegna beiðna um styrki vegna málskostnaðar og skila tillögum til stjórnar að afgreiðslu slíkra erinda í samræmi við reglur LL, frá 4. september 2003 um lögmannsaðstoð hjá LL.

Beiðnum lögreglumanna um styrki vegna lögmannsaðstoðar hefur farið mjög fjölgandi á liðnum árum og ljóst er að ef svo fer fram sem horfir að félagssjóður mun, að öllu óbreyttu, ekki geta staðið undir þeim kostnaði.

Þá er jafnljóst að svokölluð „húsbóndaábyrgð“ á störfum lögreglumanna hverju sinni er meira í orði en á borði eins og lögreglumenn þekkja vel til og sér í lagi þeir sem þurft hafa að leita á náðir LL með það að fá styrkveitingu vegna t.a.m. kærumála sem beint er gegn þeim vegna starfa þeirra sem lögreglumenn.

Í viðleitni sinni við að reyna að kortleggja þau mál sem verða þess valdandi að lögreglumenn þurfa að leita sér lögmannsaðstoðar setti stjórn LL á laggirnar, fyrir nokkru, sérstakan vinnuhóp, sem hefur verið að viða að sér ýmsum upplýsingum og gögnum þ.m.t. afgreiðslu slíkra mála á hinum Norðurlöndunum en í gegnum Norrænt samstarf LL í Nordiska Polisförbundet (NPF) hafa fengist allgóðar upplýsingar frá systursamtökum LL í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð sem verið er að vinna úr.

